

Magnús Tumi Guðmundsson  
Pósthólf 125  
210 Garðabær

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
14. júlí 2014 9.5.1	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140500235/káb

### Fararleyfi til Surtseyjar - jarðfræðileiðangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 26. júní 2014 þar sem tilkynnt er um breytingar á tímasetningum rannsóknleiðangurs jarðfræðinga til Surtseyjar auk breytinga á leiðangursmönnum. Fararleyfi vegna leiðangursins var gefið út 20. júní.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Tilgangur ferðarinnar er að stunda jarðfræðirannsóknir í eyjunni. Þetta er framhald þeirra rannsókna sem staðið hafa í áratugi í eyinni. Verkefnið sem unnið verður að í ár eru eftirfarandi: Þyngdar- og rafsegulssviðsmælingar, bergfræðirannsóknir og örverurannsóknir.


Umhverfisstofnun vísar í áður samþykktu ferðaheimild dags. 20. júní og heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með þeim breytingum sem óskað var eftir og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 17. júlí til 22. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.


- **Magnús Tumi Guðmundsson, Jarðvísindastofnun HÍ, leiðangursstjóri**, þyngdar- og segulssviðsmælingar, bergfræðirannsóknir
- Sigrún Sif Sigurðardóttir, JHÍ, þyngdar- og segulssviðsmælingar
- Hilmar Bragai Janusson, JHÍ, þyngdar- og segulssviðsmælingar
- Anna Líndal, JHÍ, þyngdar- og segulssviðsmælingar, hitamælingar og sýnataka.

- James White, Otago-háskóli, Nýja Sjálandi, bergfræðirannsóknir
- Ian Skipper, Otago-háskóli, Nýja Sjálandi, bergfræðirannsóknir

Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/próun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert. Starfsmaður friðlandsins fer með líffræðileiðangrinum til Surtseyjar 14. júlí og bíður jarðfræðileiðangursins því þar og fer með þeim í land þann 22. júlí.

Virðingarfyllt

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur

  
Gunnlaug Einaradóttir  
Sviðsstjóri

